

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2758  
komudagur 8.6.2010

**From:** Björn Valur Gíslason  
**Sent:** 8. júní 2010 14:56  
**To:** nefnd-samgn.  
**Cc:** Benedikt S. Benediktsson  
**Subject:** FW: Fundur samgöngunefndar Alþingis á föstudag

52. mál

Hér kemur svar Vegagerðarinnar við spurningum um skiptingu tengi- og héraðsvega í samgönguáætluninni.

BVG

Sæll!

Tillaga Vegagerðarinnar um skiptingu fjár til héraðs- og tengivega er eftirfarandi:

**Héraðsvegir:**

Fjárveiting til héraðsvega er ætluð til að sinna umsóknum sem uppfylla skilyrði vegalaga um nýja héraðsvegi. Umsóknirnar verði afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Ekki er unnt að skipta fjárveitingunni á kjördæmi.

**Tengivegir, bundið slitlag:**

Fjárveitingunni verði skipt milli kjördæma eftir hlutfalli lengdar tengivega í hverju kjördæmi með malarslitlag. Skiptingin er þessi:

Suður	17,7%
Reykjavík og Suðvestur	2,1%
Norðvestur	56,0%
Norðaustur	24,2%

Tillaga að einstökum verkefnum verði iögd fyrir ráðherra þegar þau liggja fyrir.

Með kveðju  
Eiríkur

PS Vek athygli á að Drangsnisvegur er ekki með neina fjárveitingu í áætluninni. Væntanlega er átt við Strandaveg.



Eiríkur Bjarnason

Verkfræðingur

Civil Engineer, Dipl. Ing.  
Icelandic Road Administration (ICERA)

>> +354 522 1004 >> +354 898 8146  
>> [eiríkur.bjarnason@vegagerdin.is](mailto:eirikur.bjarnason@vegagerdin.is)  
>> [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)  
>> Borgartúni 6-7, 105 Reykjavík

From: fridfinnur.skafason@sam.stjr.is  
To: eirikur.bjarnason@vegagerdin.is  
Cc: bvg@althingi.is  
Date: 08.06.2010 08:39  
Subject: Fw: Fundur samgöngunefndar Alþingis á föstudag

---

Sæll Eiríkur,  
samgöngunefnd hittist í hádeginu.  
Getur Vg reddað þessu?

Kveðja,  
Friðfinnur Skaftason  
Samgönguráðuneytinu  
sími 545 8243  
gsm 893 9535

----- Forwarded by Friðfinnur Skaftason/SAM/NotesSTJR on 08.06.2010 08:37 -----

From: Björn Valur Gíslason <bvg@althingi.is>  
To: "fridfinnur.skaftason@sam.stjr.is" <fridfinnur.skaftason@sam.stjr.is>  
Date: 07.06.2010 20:59  
Subject: RE: Fundur samgöngunefndar Alþingis á föstudag

---

Sæll.

Getur þú útvegað okkur í samgöngunefnd skiptingu á fé í tengi- og héraðsvegi eftir kjördæmum? Ósk um það kom fram á fundi nefndarinnar á föstudaginn eins og þú manst og var ítrekuð við mig í dag. Þurfum að fá þetta sem allra fyrst eða haldbærar útlistingar á því hvernig farið verður með þetta fé.

Björn Valur

**From:** [fridfinnur.skaftason@sam.stjr.is](mailto:fridfinnur.skaftason@sam.stjr.is) [<mailto:fridfinnur.skaftason@sam.stjr.is>]  
**Sent:** 7. júní 2010 17:44  
**To:** Benedikt S. Benediktsson  
**Cc:** [karl.alvarsson@sam.stjr.is](mailto:karl.alvarsson@sam.stjr.is); Björn Valur Gíslason  
**Subject:** Re: Fundur samgöngunefndar Alþingis á föstudag

Sæll Benedikt.

Í framhaldi af símtali okkar áðan sendi ég þér í meðfylgjandi viðhengi þær tillögur sem ég var búinn að setja á blað.

Þær voru varðandi Grundarskóla og hinsvegar varðandi „Undirbúningur verka utan áætlunar“. Tillaga Vegagerðarinnar var að taka þessa upphæð af Vestfjarðavegi. Skv. samtali við Björn Val í morgun kemur það ekki til greina. Ég sé ekki hvaðan annarsstaðar þessir fjármunir ættu að koma.

Við ræddum við Vegagerðina um tilflutning fjarmuna frá Drangsnesvegi á Bjarnafjarðaháls. Mér skildist að það kæmi ekki til greina frá þeirra sjónarhóli. Þeir þyrftu féð til að klára þennan áfanga og telja að þessi tillaga komi frá einhverjum sem telji sig geta fengið nýtt fé í verkefnið. 15 mkr. hafi ekkert að segja í Bjarnafjarðaháls en það kemur sér illa að missa

þær úr Drangnesvegi. Við munum því ekki taka undir þessa tillögu.

Varðandi Dýrafjarðargöng þá kemur sér illa að taka alla fjármuni sem voru óskiptir í jarðgöng í þetta verkefni. Okkar hugmyndir voru að taka þá úr Vestfjarðavegi eða Norðfjarðagöngum en ég vil ekki leggja slíkt tii án samþykkis minna yfirmanna, sem ég hef ekki fengið.

Kv. Friðfinnur.

---

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans innihalda upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál, sjá nánar: [Lagalegur fyrirvari - E-mail Disclaimer](#)

Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed and may contain information that is confidential and privileged, see disclaimer above.

---